

Sumarið 2015

Fornir fimmtudagar

Hið þingeyyska fornleifafélag í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands, stendur að gönguferða- og heimsóknadagskrá um minjasvæði í Þingeyjarsýslu sumarið 2015. Fræðimenn taka á móti gestum á eftirtöldum stöðum þar sem rannsóknir eru eða hafa verið í gangi.

Þriðjudagur 14. júlí

Hofstaðir í Mývatnssveit

Kl. 20:00 (2 klst.)

Í tilefni þess að Hið þingeyyska fornleifafélag varð 10 ára á síðasta ári og Fornleifastofnun Íslands er 20 ára á þessu ári, þá verður efnt til sérstakrar umfjöllunar um fornleifarannsóknir á Hofstöðum í þáttíð, nútíð og framtíð. Farið verður um svæðið (sem er þó allt innan 500 m frá íbúðarhúsi) og byrjað á að skoða leifar hins mikla skála frá víkingaöld. Því næst verður litið á uppgröft miðaldakirkjugarðsins en margra ára rannsókn hans lýkur að mestu í sumar. Þar hafa fundist nærri 150 grafir frá miðöldum. Í beinu framhaldi verður fjallað um væntanlegar rannsóknir á hinu gamla bæjarstæði Hofstaða og í því sambandi rætt um þýðingu Hofstaða fyrir fornleifarannsóknir á Íslandi. Leiðsögumenn og kynnar verða margir m. a. Hildur Gestsdóttir, Megan Hicks, Adolf Friðriksson, Gavin Lucas og Orri Vésteinnsson. Auk þess mun aðili frá Minjastofnun Íslands fara yfir stöðu Hofstaða eins og hún er í dag. Umræður á eftir og kaffi og kleinur.



Mynd: Gardar Guðmundsson

Fimmtudagur 13. ágúst

Ingiríðarstaðir í Þegjandadal

Kl. 18:00 (3 - 4 klst.)

Howell Magnús Roberts deildarstjóri hjá Fornleifastofnun Íslands tekur á móti gestum og fræðir um kumlateginn á Ingiríðarstöðum og segir frá því helsta sem komið hefur í ljós frá síðustu heimsókn Hins þingeyyska fornleifafélags 2012.

Ath. gangan tekur u.þ.b. 1 klst. hvora leið. Mæting á bílaplanið við Grenjaðarstað.



Mynd: Howell Magnús Roberts

Fimmtudagur 20. ágúst

Ferð í Laxárdal

og aðalfundur Hins þingeyyska fornleifafélags.

Kl. 18:00 (1,5 - 3 klst.)

Mæting að Halldórsstöðum í Laxárdal kl: 18.00. Friðlýstar minjar skoðaðar í gamla bænum og jafnframt er möguleiki að skoða gömlu íbúðarhúsin. Einnig verður holt sem er um 200 metra ofan við bæinn skoðað en þar er talið að allmörg kuml megi finna.

Að því loknu verður haldið suður dalinn, sagt frá kumlafundi (1945) á landamerkjum Þverár og Auðna og að samkomuhúsinu hjá Auðnum. Þar verður aðalfundur Hins þingeyyska fornleifafélags haldinn og eru allir áhugmenn um fornleifar í Þingeyjarsýslu velkomnir á fundinn. Léttar veitingar.



Mynd: Magnús Halldórsson

Allir eru velkomnir í göngurnar sem eru ókeypis. Ekki er þörf á skráningu þátttakenda. Þátttakendur eru hvattir til að vera í góðum skóm, hafa með sér vatnsflösku og flugnanet ef hlýtt er í veðri. Göngustafir koma að notum í öllum göngunum. Frekari upplýsingar er að finna á www.fornleifafelag.is eða í síma 846 8573 (Baldur) eða 894 4594 (Unnsteinn)

Vinsamlega geymið auglýsinguna.

HÞF

